

## Sveigjanleg starfslok hjá MS

Ákveðið hefur verið að breyta stefnu MS um starfslok en hingað til hefur verið miðað við að starfsfólk hætti við 67 ára aldur.

Af þessu tilefni hittust forstjóri Mjólkursamsölnunar Ari Edwald og Sigurður Bessason formaður Eflingar en það var fyrir tilstilli þess síðarnefnda sem umræða um þessi mál komust á skrið. Forsagan er sú að við síðustu kjarasamningagerð innti Sigurður MS eftir því hvort ekki væri hægt að endurskoða stefnu fyrirtækisins varðandi starfslok sem að hans mati væru of stíf. MS hefur farið vandlega yfir þetta mál í tengslum við stefnumótunarvinnu m.a. í mannauðsmálum og niðurstaða liggur fyrir.

Sigurður Bessason segir þetta fína ákvörðun hjá MS. „Ég er sannfærður um að það mun skapa betri möguleika fyrir starfsfólk sem og fyrirtækið. Þegar einstaklingar nálgast starfslokaaldur geta aðstæður fólks verið mismunandi. Þetta er því samtalið sem þarf að eiga sér stað milli starfsmanns og fyrirtækis. Þessar áherslur eru í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið til framtíðar á almenna vinnumarkaðnum um samspil starfsloka og lífeyrisréttinda.“

Eftirfarandi texti um starfslok er í mannauðsstefnu fyrirtækisins:

**Starfsfólk sem getur hætt störfum vegna aldurs hefur möguleika til þess að halda áfram störfum ef starfsgeta, áhugi og góð heilsa er fyrir hendi. Frá 1. september 2016 verða viðmið um starfslok 70 ára en horft verður á starfslok sem sveigjanlegt ferli þar sem tekið er tillit til aðstæðna hvers og eins.**

Hjá fyrirtækinu eru margir starfsmenn með langan starfsaldur. Hingað til hefur verið gert ráð fyrir að starfsfólk láti af störfum við 67 ára aldur. Í samræmi við bókun í síðustu kjarasamningum um sveigjanleg starfslok hefur verið gerð sú stefnubreyting hjá MS að horfa á starfslok sem sveigjanlegt ferli þar sem tekið er tillit til aðstæðna hvers og eins. Starfsfólk sem getur hætt störfum vegna aldurs hefur möguleika



til þess að halda áfram störfum ef starfsgeta, áhugi og góð heilsa er fyrir hendi. Ef upp kemur vafi um starfsgetu skulu starfsmaður og yfirmaður auk mannauðsstjóra eiga samtál um stöðu mála og meta framhaldið og endurskoða fyrirkomulagið árlega og ef þörf er á fá liðsinni trúnaðarlæknis. Í einhverjum tilvikum eða eftir aðstæðum yrði hugsanlega um annað starf að ræða eða hlutastarf.

## Léttmál – ný vörulína frá MS

MARKAÐSMÁL

Í október kemur á markað ný vörulína frá Mjólkursamsölnunni sem hefur hlotið yfirheitið MS Léttmál. Vörurnar í línunni tilheyra ýmsum vörflokkum en eiga það sammerkt að henta vel sem létt millimál fyrir fólk á ferðinni.

Þær vorur sem líta fyrst dagsins ljós í Léttmálslíunni verða Grísk jógúrt með ljúffengum möndlu-, döðlu- og frætoppi og Kotasæla með berja- og möndlutoppi. Í framhaldinu verður einskammta grjónagrauturinn með kanilsykrinum í toppi færður yfir í vörulínuna og verður það gert á komandi vikum.




Gríska jógúrtin og Kotasælan eru báðar hreinar í grunninn og eru nýju topparnir án hvíts sykurs, en valið á toppunum var vel ígrundað og ríkir mikil ánægja með útkomuna. Möndlurnar eru bragðgóðar og trefjaríkar og gefa góða fyllingu á meðan berin gefa sætubragð frá náttúrunnar hendi.

Hér er því um að ræða kærkomna viðbót í fjölbreytta vöruflóru MS, sem ætti að henta þeim sem kjósa þægindi og vilja hollt og fljótlegt millimál án viðbætts hvíts sykurs.

# Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

## Framleiðsla mjólkur

Á síðustu 12 mánuðum nam innvegin mjólk 152,2 milljónum lítrum. Eins og fram kemur í mynd 1. hefur hefur mánaðarleg innvigtun verið meiri frá janúar t.o.m. júní í ár í samanburði við sömu mánuði fyrra árs. Í júlímánuði var innvigtun minni en í sama mánuði 2015, en innvigtun ágústmánaðar var meiri en fyrra ár. Verði innvigtun mjólkur þess tíma sem eftir lifir árs 2016, september – desember, jöfn framleiðslu fyrra árs verður samanlögð framleiðsla ársins 2016 rúmar 152 milljónir lítra.



Mynd 1 Mánaðarleg innvigtun á árinu 2015 og 2016

## Innvigtun mjólkur janúar - ágúst 2016

|                  | 2016               |   | 2015              |   | Breyting 2015 - 2016 |             |
|------------------|--------------------|---|-------------------|---|----------------------|-------------|
|                  | Ltr                | % | Ltr               | % | Ltr                  | %           |
| Janúar           | 12.398.159         |   | 11.651.471        |   | 746.688              | 6,4%        |
| Febrúar          | 12.890.640         |   | 11.016.537        |   | 1.874.103            | 17,0%       |
| Mars             | 13.684.325         |   | 12.438.916        |   | 1.245.409            | 10,0%       |
| Apríl            | 13.322.546         |   | 12.206.753        |   | 1.115.793            | 9,1%        |
| Mai              | 13.952.539         |   | 12.814.294        |   | 1.138.245            | 8,9%        |
| Júní             | 13.341.664         |   | 13.112.800        |   | 228.864              | 1,7%        |
| Júlí             | 12.419.568         |   | 13.001.215        |   | -581.647             | -4,5%       |
| Ágúst            | 12.670.751         |   | 12.249.001        |   | 421.750              | 3,4%        |
| <b>Jan - Ágú</b> | <b>104.680.192</b> |   | <b>98.490.987</b> |   | <b>6.189.205</b>     | <b>6,3%</b> |

Innvigtun sl. 12 mánuði 152.222.728 ltr

## Sala mjólkur





Á mynd 2 má sjá umreiknaða ráðstöfun mjólkur á ársgrunni s. 12 mánuði, þ.e. september 2015 – ágúst 2016. Sala mjólkur á próteingrunni nam um 126,8 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því aukist um 4,22% á ársgrunni. Umreiknuð sala á fitugrunni var 136,1 milljónir lítra. og jókst um 3,24% á sama tíma. Á sama tíma var framleiðsla mjólkur 152,2 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á sama tíma var því um 26,9 milljónir lítra á próteingrunni og um 17,9 milljónir lítra á fitugrunni.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016 er mjólkurframleiðslan um 6,4 milljónum lítrum meiri en á fyrstu 6 mánuðum ársins 2015, en það sam-

| VÖRUFLOKKAR                 | Sala í ltr. og kg |                   |                    | Breyting frá fyrra ári, % |           |         |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|--------------------|---------------------------|-----------|---------|
|                             | ágúst mánuður     | Síðustu 3 mánuðir | Síðustu 12 mánuðir | Mán.                      | 3 mán.    | 12 mán. |
| <b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b> |                   |                   |                    |                           |           |         |
| Birgðir í upphafi           | 31.769.066        | 35.078.894        | 31.825.153         | 5,11                      | 30,70     | 54,70   |
| Innvegin mjólk              | 12.670.751        | 38.431.983        | 152.222.728        | 3,44                      | 0,18      | 8,07    |
| Seldar afurðir              | 11.577.477        | 34.079.979        | 126.875.794        | 12,52                     | 5,07      | 4,22    |
| Útflutningur                | 541.039           | 6.111.737         | 22.768.078         | 148,40                    | 455,95    | 203,29  |
| Birgðir í lok               | 31.580.219        | 31.580.219        | 31.580.219         | -0,77                     | -0,77     | -0,77   |
| Mismunur                    | 741.081           | 1.738.942         | 2.823.791          | 423,96                    | -1.201,91 | 697,33  |
| <b>Umreiknað á FITU:</b>    |                   |                   |                    |                           |           |         |
| Birgðir í upphafi           | 31.240.407        | 30.273.845        | 21.833.335         | 52,35                     | 72,51     | 51,52   |
| Innvegin mjólk              | 12.670.751        | 38.431.983        | 152.222.728        | 3,44                      | 0,18      | 8,07    |
| Seldar afurðir              | 12.431.701        | 36.024.868        | 136.144.764        | 15,84                     | 4,09      | 3,24    |
| Útflutningur                | 548.009           | 1.702.586         | 6.222.783          | 12.082,50                 | 8.349,59  | 687,30  |
| Birgðir í lok               | 30.773.820        | 30.773.820        | 30.773.820         | 40,95                     | 40,95     | 40,95   |
| Mismunur                    | 157.628           | 204.554           | 914.695            | -14,88                    | -137,16   | 18,60   |

Mynd 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur m.v. ágúst 2016

## FRAMLEIÐSLUSVIÐ



Mynd 3 Birgðir í janúar – ágúst á helstu vöruflokkum mjólkurvara 2016.

svarar um 8,9% aukningu milli ára. Einnig kemur fram að sl. 12 mánuði (júlí 2015 – júní 2016) var mjólkurframleiðslan 152,4 milljónir lítra.

## Birgðir mjólkurvara

Á mynd 3 er yfirlit yfir þróun í birgðum helstu flokka í birgðahaldi mjólkurvara á árinu 2016

## Staða framleiðslu og birgða

Á mynd 3 má sjá hvernig birgðir mjólkurvara hafa verið að þróast það sem af er ári 2016. Birgðir mjólkurvara eru miklar og sjaldan verið meiri en á þessu ári. Auk útflutnings á undanrennufti á árinu var gripið til lítilsháttar útflutnings á ostum auk sértækra aðgerða í fyrirkomulagi mjólkurvinnslunnar hjá afurðastöðvunum til að stöðva aukningu í ostabirgðum á hefðbundnum 26% og 17% osti, og í framhaldinu að lækka þær jafnframt. Smjörbirgðir eru miklar og er fyrirhugaður frekari útflutningur smjörs á komandi vikum og mánuðum. Ef lítið er til framleiðslumynsturs undangenginna ára má vænta þess að framleiðsla mjólkur fari að vaxa aftur eftir 2 – 4 vikur, eða í viku 42 – 44.

Pálmi Vilhjálmsson  
frankvæmdastjóri framleiðslusviðs

## Góðgerðarferðunarnar eru mættar á vakt

FRÉTTIR

Miðvikudaginn 28. september mættu góðgerðarferðunarnar okkar á vakt þegar átakinu *Mjólkinn gefur styrk* var formlega hleypt af stokkunum. Líkt og undanfarin tvö ár bregður D-vítamínþætt léttmjólk sér tímabundið í nýjan búning. Það verður gaman að sjá hvernig móttökur ferðunarnar fá hjá neytendum en hönnunin er afar skemmtileg að þessu sinni en það er auglýsingastofan EnnEmm sem á heiðurinn af því að breyta ferðunum í litlar eftirmyndir heilbrigðisstarfsfólks. Markmið söfnunarinnar er einmitt að bæta tækjakost spítalans og er stefnan sett á að safna 15 milljónum til kaupa á nýjum tækjabúnaði sem



auðveldar greiningu á brjóstakrabbameini. 30 kr. af hverri seldri fernu munu renna til þessa góða málefnis næstu vikurnar.

Undirsíða átaksins er komin í loftið en hún heyrir undir aðalsíðu MS og má finna með því að smella á hausborðann á MS vefnum og hér er jafnframt bein slóð: <http://www.ms.is/godgerdarfernan/>

Ítarlegri upplýsingar má finna á vef Landspítalans og vef MS, en þar má enn fremur sjá tvær skemmtilegar sjónvarpsauglýsingar sem gerðar voru til að vekja athygli á söfnuninni.

## Lág frumutala – til hvers?

RÁÐGJÖF

Í mjólkurframleiðslu alsstaðar í heiminum er leitað eftir eins lágru frumutölu og raunhæft er að ná. Árangurinn er misjafn milli bóa og á milli landa. Landsmeðaltal fyrir Ísland fyrir árið 2015 var 210.000 frumur/ml og hefur frumutalan undanfarið hækkað aðeins milli ára. Bestu löndin eru með frumutölu í kringum helminginn af okkar. Til hvers er leitað eftir að vera með lága frumutölu?

Í fyrsta lagi er há frumutala mælikvarði á hve mikil júgurbólga er í hjörðinni. Talið er að kýr séu ekki lausar við júgurbólgu nema frumutalan sé vel undir 100.000 frumur/ml. Ef frumutalan í tankmjólkinni er hærri, er það merki um að einhverjar kýr í hjörðinni eru með júgurbólgu – oftast langvinna júgurbólgu. Þegar frumutalan í tankmjólkinni er t.d. um 300.000 frumur/ml, er hlutfallið milli kaseini og öðrum próteinum í mjólkinni lægra en ef frumutalan er t.d. um 100.000 frumur/ml. Viðbrögð líkamans hjá kúm við júgurbólgu er m.a. að framleiða fleiri frumur til að vinna á júgurbólgunni (hækkun frumutala) auk þess að framleiða bólguprótein (immunoglobulin) til að ráðast á júgurbólguna. Við ostagerð er það einungis kasein sem nýtist, ekkert annað prótein. Af þessu leiðir að nýting próteins við ostagerð úr frumulágru hrámjólk er mun betri en ostagerð úr frumuhærri hrámjólk.

Í öðru lagi hafa Danir reiknað út að ef tankmjólkinn er frumuhærri, þá er daglega minni mjólk úr hverri mjólkandi kú. Ástæðan fyrir því er að júgurbólga veldur skemmd í sýkta júgurhluta sem læknast illa eða ekkert. Reiknað hefur verið út að fyrir aukningu á hverja 50.000 frumur/ml fyrir ofan 150.000 frumur/ml, þá tapast að meðaltali 1,9 kg mjólk á dag á hverja kú! Dæmi: Ef tankmjólkinn er með 300.000 frumur/ml, er það sama og þrisvar 50.000 frumur/ml-hækkun úr 150.000 frumur/ml. Mjólkurtapið reiknast þá til að vera 3 x 1,9 kg mjólk á dag



á kú = 5,7 kg mjólk á dag á kú. Ef hjörðin er með 50 kýr, gerir þetta 50 x 5,7 kg mjólk/dag = 285 kg mjólk/dag. Þetta er mjólk sem kostar lítið sem ekkert að framleiða. Réttilega má segja að mjólkurnyt íslenskra kúa er um 60% af þeirri dönsku – samt erum við að tala um verulegt mjólkurtap þegar framleiðandi sættir sig við að framleiða mjólk í miðjum fyrsta flokki.

Tökum höndum saman um að lækka frumutöluna í mjólkinni sem við framleiðum. Það skapar betri nýtingu við ostagerð í mjólkursamlögnum og hægt er að hagnast á að framleiða meiri mjólk án sérstaks tilkostnaðar.

Jarle Reiersen  
dýralæknir

# Starfsmannafundur á starfsstöðvum MS

FRÉTTIR

Í september hefur framkvæmdastjórn Mjólkursamsölunnar farið á milli allra starfsstöðva og kynnt framtíðarsýn og stefnu fyrirtækisins. Á sömu fundum hefur gefist tími til umræðna og verið brugðið á leik. Tilgangurinn með þessu öllu saman er að koma til móts við óskir starfsmanna um aukid upplýsingaflæði.

Það er augljóst að þessir fundir einir og sér leysa ekki öll vandamál en þeir eru samt gagnlegir til að auka samtalið í fyrirtækinu. Að sama skapi eru þeir mikilvægt verkfæri í að koma stefnu fyrirtækisins í framkvæmd.

Á fundunum hafa líka verið kynnt til sögunnar ný gildi fyrirtækisins. Nýju gildin eru táknuð með MSjá sem er fyrsti stafurinn í eftirfarandi hugtökum:

**METNAÐUR – SAMVINNA – JÁKVÆÐNI – ÁBYRGÐ.**

Gildin gegna þeim tilgangi að hafa áhrif á fyrirtækjamenningu MS. Þau hafa áhrif á hvernig við sem fyrirtæki birtumst viðskiptavinum, samstarfsaðilum, birgjum og samfélaginu. Með því að setja í forgang gildi sem starfsfólk hefur að leiðarljósi erum við að spyrja okkur sjálf hvað við viljum að móti fyrirtækjamenninguna. Þau endurspeglu hvernig við ætlum að starfa og ekki síst, hvað við ætlum að vera þekkt fyrir hjá MS. Svárið er einfalt: Við erum ein samstíga liðsheil með **metnað** sem leysir málin **saman** með **jákvæðni** að leiðarljósi og á samfélagslega **ábyrgan** hátt.



Inga Guðrún Birgisdóttir  
Mannauðsstjóri Mjólkursamsölunnar



## Fyrirmyndarbú

FRÉTTIR

Um næstu áramót er fyrirhugað að greiða álag vegna fyrirmyndarbúa. Skilyrði fyrir álagsgreiðslum er að úttekt vegna fyrirmyndarbús hafi staðist. Atriði sem verða skoðuð í úttektinni er að finna í gögnum á heimasíðu Auðhumlu, sjá <http://www.audhumla.is/Frettir/1005/default.aspx>



Þeir mjólkurframleiðendur sem hafa áhuga á að fá úttekt eru beðnir um að hafa samband við Jarle Reiersen í mjólkureftirlitinu. Netfangið er jarle@ms.is og síminn er 854 6006.

Garðar Eiríksson,  
framkvæmdastjóri Auðhumlu.

## Nýjungar í Hleðslu í haust

MARKAÐSMÁL

Í ágúst sl. komu tvær nýjungar inn í Hleðsluflokkinn, Hleðsla í dós með grænu tei og sítrónu og Hleðsla Extra í tappafernu.

Hleðsla með grænu tei og sítrónu er frábrugðin öðrum tegundum í dósaflokknum að því leyti að hún er með sætuefnum í stað agave og því er kolvetnamagnid 70% lægra en í hefðbundinni Hleðslu í dós.

Hleðsla Extra er með 50% meira próteinnmagni í fernunni en hefðbundin Hleðsla, en alls eru 33 g í fernunni.

Skemmst er frá því að segja að báðum nýjungunum hefur verið einkar vel tekið af neytendum. Hleðsla hefur verið á miklu flugi allt þetta ár og þessar nýjungar gefa flokknum byr undir báða vængi ef marka má fyrstu viðtökur.

